



SKÓLANÁMSKRÁ



„Sjálfstæði – virðing – gleði”



Leikskólinn Klettaborg
Borgarbraut 101
310 Borgarnesi
s: 433-7160

Heimasíða: www.klettaborg.leikskolinn.is
Netföng: klettaborg@borgarbyggd.is

Útgefandi: *Borgarbyggð.*
Höfundar: *Starfsfólk leikskólans, veturinn 1999-2000.*
Endurskoðuð útgáfa - starfsfólk leikskólans, vor 2002.
Endurskoðuð útgáfa, janúar 2004. Endurskoðuð útgáfa,
nóvember 2007. Endurskoðuð útgáfa, febrúar 2016.
Endurskoðuð útgáfa vor 2019.
Umsjón og ábyrgð: *Steinunn Baldursdóttir leikskólastjóri.*
„Logo“: *Ágústa Kr. Bjarnadóttir*
Útgefið: *@ Leikskólinn Klettaborg, Borgarnesi.*
1.útgáfa júlí 2000, 2. útgáfa júní 2002, 3. útgáfa febrúar 2004,
4. útgáfa nóvember 2007, 5. útgáfa febrúar 2016, 6. útgáfa
nóvember 2019.-

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	5
LEIKSKÓLINN KLETTABORG	6
KENningarAR.....	7
MARKMIÐ	9
STARFSGRUNDVÖLLUR	9
UPPELDISLEG SÝN LEIKSKÓLANS.....	10
LEIÐARLIÓS/HUGMYNDAFRÆÐI.....	10
ÁHERSLUR Í STARFI:	12
EINSTAKLINGSMÍÐAÐ NÁM.....	13
LEIÐTOGAHÆFNI	13
LEIKSKÓLALÆSI	13
HEILSUEFLING	14
LEIKUR OG NÁM.....	14
GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR	15
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	15
LÆSI OG SAMSKIPTI	15
<i>Daglegt starf</i>	17
<i>Róleg stund</i>	18
<i>Val – frjáls leikur</i>	18
<i>Samverustund/söngstund</i>	19
<i>Fataklefi</i>	19
<i>Starf með elstu börnum</i>	20
HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN.....	20
<i>Hreinlætisvenjur/umgengni</i>	20
<i>Hádegisstund</i>	21
<i>Útivera/útikennsla</i>	21
<i>Matmálstímar</i>	22
<i>Hreyfing</i>	22
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.....	23
<i>Numicon stærðfræðigögn</i>	24
SKÖPUN OG MENNING	24
<i>Vinnustundir</i>	26
<i>Könnunarleikur</i>	27
JAFNRÉTTI/LÝÐRÆÐI/MANNRÉTTINDI	27
FJÖLMENNING.....	28
SÉRÞARFIR BARNNA	29
FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN	31
FORELDRAHANDBÓK.....	32
TENGL SKÓLASTIGA.....	32
MIÐLUN UPPLÝSINGA MILLI LEIK- OG GRUNNSKÓLA.....	33
MAT Á SKÓLASTARFI.....	33



INNRA MAT	33
YTRA MAT	34
MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA	34
TRAS – SKRÁNING Á MÁLÞROSKA UNGRA BARNA	35
ÖRYGGISMÁL	36
VETTvangsferðir	36
UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN	36
BÍLASTÆÐI	36
BARNAVERND	37
BRUNAÁÆTLUN/RÝMINGARÁÆTLUN	37
ÁFALLAÁÆTLUN	37
EINELTISÁÆTLUN	37
VINNUVERND	37
ÁÐRAR ÁÆTLANIR	38
HEIMILDASKRÁ	38

Inngangur

Leikskólinn Klettaborg starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.

Aðalnámskrá leikskóla var gefin út 2011 og er ígildi reglugerðar. Aðalnámskráin byggist efnislega á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir um leikskólastarf. Samkvæmt aðalnámskrá ber hverjum leikskóla að útfæra sína skólanámskrá með hliðsjón af aðalnámskrá um leið og tekið er tillit til menningar, sérkenna og starfshátta hvers leikskóla fyrir sig. Hægt er að nálgast lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla á veffanginu www.menntamalaraduneytid.is.

Skólanámskrá er sáttmáli um hvaða leiðir skal fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans. Skólanámskráin gerir starfið sýnilegt, markvisst og auðveldar heildarsýn yfir skólastarfið.

Skólanámskrá Klettaborgar var fyrst gefin út 1999, endurskoðuð 2002, 2004, 2007 og er nú gefin út í fimmta sinn. Góð skólanámskrá er í stöðugri þróun í takt við stefnur og strauma á hverjum tíma til að auka þekkingu og framfarir til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild.

Kennarar, börn og foreldrar hafa tekið þátt í mótun leikskólastarfsins og endurskoðun skólanámskráarinnar á þann hátt að þróa leikskólastarfið og vera virkir þátttakendur í skólasamfélaginu - rödd allra fær að hljóma og á hana er hlustað. Foreldraráð leikskólans skólaárið 2015-2016 las skólanámskrána yfir og skilaði skriflegri umsögn fyrir hönd foreldra barna í leikskólanum.

Það er von mín að skólanámskrá Klettaborgar sé góður leiðarvísir um markvisst leikskólastarf sem einkennist af metnaði þar sem velferð hvers barns er höfð í fyrirrúmi.

Steinunn Baldursdóttir, leikskólastjóri
Nóvember 2019.

Leikskólinn Klettaborg

Leikskólinn er staðsettur í fallegu umhverfi við Borgarvoginn og Þjóðveg 1 í Borgarnesi. Stutt er í ósnortna náttúru, fallegar gönguleiðir og marga sögustaði.

Leikskólinn opnaði formlega í núverandi húsnæði 11. október 1978. Upphaflega var leikskólinn tveggja deilda með fjögurra tíma vistun fyrir og eftir hádegi. Árið 1991 var tekin í notkun viðbygging og var þá leikskólinn orðinn þriggja deilda. Í lok árs 2004 var tekin í notkun viðbygging sem rúmar stærri sal, listakrók, eldhús og starfsmannaaðstöðu. Frá mars 2001 - júlí 2007 var fjórða deild leikskólans rekin, staðsett á Mávakletti 14, en sú deild lokaði þegar opnaður var nýr leikskóli við Ugluklett sumarið 2007.

Nú er leikskólinn fyrir börn frá 12 mánaða til 6 ára og nefnast deildirnar: Ólátagarður, Kattholt og Sjónarhóll.

Leikskólinn er opinn mánudaga til föstudaga kl. 07:45-16:30 og geta samtímis dvalið allt að 60 börn í leikskólanum.

Leikskólinn gefur út foreldrahandbók sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu, þar eru helstu upplýsingar um leikskólann og leikskólastarfið.

Rekstraraðili leikskólans er Borgarbyggð sem hefur eftirlit með starfi og rekstri. Málefni leikskólans falla undir fræðslunefnd Borgarbyggðar.

Kennarar

Allir kennarar leikskólans starfa samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum sem við eiga, Aðalnámskrá leikskóla, Skólustefnu Borgarbyggðar, Skólanámskrá Klettaborgar, starfslýsingum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kennarar eiga að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Kennarar skulu leitast við að vera gefandi í samskiptum við börnin, samstarfsfólk, fjölskyldur barnanna og vera góð fyrirmynd í hvívetna.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun leikskólans og er faglegur leiðtogi. Leikskólastjóri er í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hann leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði.

Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun leikskólans og er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi. Hann sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem leikskólastjóri felur honum.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu/stuðnings ásamt leikskólastjóra. Auk þess sinnir hann sérkennslu/stuðningi eftir þörfum.

Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu og framkvæmd starfsins á deildinni. Hann tryggir að sérhvert barn fái uppeldi og menntun við hæfi auk þess að skipuleggja samvinnu við foreldra/forráðamenn.

Leikskólakennarar og leikskólaleiðbeinendur/leiðbeinendur vinna að uppeldi og menntun barna. Fylgjast með velferð þeirra og hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.

Matráður sér um matartilbúning, innkaup, þvotta og ýmis störf sem tilheyra eldhúsi og kaffistofu. **Aðstoðarmatráður** aðstoðar við matseld og önnur mótuneytisstörf auk þess að leysa matráð af eftir þörfum.

Ræstitæknir sér um dagleg þrif.

Stjórn leikskólans mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar. Deildastjórafundir eru haldnir eftir þörfum, u.þ.b. þrisvar í mánuði, þá eru ákvarðanir teknar varðandi starfsemi leikskólans, starfsmannahald og einstök mál auk endurmats á leikskólastarfinu. Starfsmannafundir eru einnig nýttir til ákvarðanatöku um starfsemi leikskólans.

Á hverjum morgni eru stuttir fundir þar sem farið er yfir starfsmannahald dagsins og þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni.

Markmið

Markmið og hlutverk leikskólans Klettaborgar er að stuðla að alhliða þroska barna og vellíðan með markvissu uppeldi og menntun sem byggir á faglegum metnaði, virðingu og þekkingu á þörfum barna.

Starfsgrundvöllur

Í Klettaborg er velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Börnum er veitt umönnun og menntun, þeim búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám barnanna fer fram í leik og skapandi starfi þar sem þau njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættirnir mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, 2. gr. skal meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla vera;

- a) *„að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra*
- b) *að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku*
- c) *að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar*
- d) *að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra*
- e) *að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun*
- f) *að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“*

Á grundvelli markmiða laga allra skólastiga hafa verið settir fram eftirfarandi grunnþættir menntunar:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Grunnþættirnir eru sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt skólastarfið. Námsgvið leikskóla eru samkvæmt aðalnámskrá:

- Læsi og samskipti

- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Uppeldisleg sýn leikskólans

Bernskuárin eru þroskaskeið sem ber að virða og taka fullt tillit til. Hvert barn er einstakt og þarf að fá að rækta hæfileika sína.

Í Klettaborg er barnið alltaf í brennidepli og á að fá að þroskast og mótast á eigin forsendum. Barnið er hvatt til að reyna sjálft og fikra sig þannig áfram, það er þátttakandi í að móta eigin veröld, þar sem rödd þess fær að hljóma og á hana er hlustað.

Við viljum í samvinnu við heimilin sjá sjálfstæðan, hamingjusaman, skapandi og agaðan einstakling með jákvæða sjálfsmynd, sem tjáir tilfinningar sínar, virðir skoðanir og tekur tillit til annarra.

Einkunnarorð leikskólans eru: sjálfstæði – virðing – gleði.

Leiðarljós/hugmyndafræði

Í Klettaborg er unnið samkvæmt framfarastefnu John Dewey og Leiðtoganum í mér/The Leader in Me sem er hugmyndafræði fyrir skóla sem byggir á bók Steven R. Covey „The 7 Habits of Highly Effective People“.

Í framfarastefnu John Dewey (1859-1952) er aðaláherslan á að börn læri með því að fást sjálf við viðfangsefnið („learning by doing“). Áhersla er lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir m.a. með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir.

Virkja þarf athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu, eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla þess er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu. Dewey leggur jafnframt áherslu á að börn læri að vinna í félagslegri heild þar sem þau þroska sjálfsvitund og skilning. Skapandi hugsun barnanna vekur áhuga þeirra sem leiðir til skýrrar hugsunar, börnin læra af eigin reynslu. Skapa þarf börnum uppeldisumhverfi sem örvar þau því hæfilega erfið viðfangsefni efla virka hugsun.

Eftir kenningu Dewey má skipta aðaláhugasviðum barna í fjóra þætti:
Áhugi á samræðum og samveru, sem byggist á félagslegri eðlishvöt
Áhugi á að rannsaka og uppgötva
Áhugi á að búa til hluti, skapa og setja saman
Áhugi á listrænni tjáningu, það er að tjá sig í myndlist, söng og hreyfingu

Leiðtoginn í mér/The Leader in Me gengur út á að byggja upp sterka einstaklinga með góða leiðtogafærni til að takast á við áskoranir í lífi og starfi. Leiðtogaverkefnið snýst ekki um að búa til litla leiðtoga úr öllum börnum, heldur að hjálpa hverjum einstaklingi til að blómstra. Hver einstaklingur fær þannig tækifæri til að vinna út frá sínum eigin styrkleikum og verða besta útgáfan af sjálfum sér. Í grunninn byggir leiðtogaverkefnið upp skilning og færni til að geta borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig mótað líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptahæfni barna og kennara.

Eins og toppur á tré er persóna okkar það fyrsta sem aðrir sjá. Þó að ímynd, hæfni og greind hafi áhrif á árangur okkar, liggur skilvirkni okkar aðallega í sterkum persónuleika eða í rótunum eins og hjá trénu.

Sjö venjur í átt til árangurs eru:

Venja 1: Taktu af skarið

Venja 2: Í upphafi skal endinn skoða

Venja 3: Forgangsraðaðu


Venja 4: Sigrum saman

Venja 5: Skilningsrík hlustun

Venja 6: Samlegð

Venja 7: Ræktaðu sjálfa/-n þig

Venjurnar sjö byggjast bæði á hæfni og persónuleika sem ákvarðar persónulegan og faglegan ávinning eins og fram kemur á þessari mynd sem sýnir hvernig venjurnar þróast frá persónulegum sigrum til sjálfstæðis og að samvirkni.



Skólar sem innleiða leiðtogaverkefnið skuldbinda sig til að halda svokallaðan Leiðtogadag a.m.k. einu sinni á ári, til að veita börnunum möguleika á að þjálfa sína leiðtogahæfileika í raunverulegum aðstæðum.

Nánari upplýsingar um leiðtogaverkefnið er hægt að nálgast á vefslóðinni www.leaderinme.org

Einkunnarorð leikskólans sjálfstæði, virðing og gleði endurspeglast í venjunum sjö á þann hátt að:

- venja eitt, tvö og þrjú leiða til sjálfstæðis,
- venja fjögur og fimm fela m.a. í sér virðingu,
- venja sex og sjö leiða til gleði og vellíðunar.

Áherslur í starfi:

Samkvæmt aðalnámskrá á leikskóli að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem kennarar, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og leitast er eftir því að rödd allra fái að hljóma.

Áhersluatriði í leikskólastarfinu eru: einstaklingsmiðað nám, leiðtogahæfni, leikskólalæsi og heilsuefning.

Einstaklingsmiðað nám

Markmiðið er að öll börn fái viðfangsefni við sitt hæfi, aðlagist barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla.

Börn eru af ólíku kyni, hafa ólík viðhorf, koma úr ólíkum fjölskyldum, hafa mismunandi áhugamál og hæfileika.

Hlutverk kennarans er að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum hver sem sérkenni, aðstaða, uppruni, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru.

Í leikskólastarfinu er unnið í litlum hópum eins og í samverustund, hópastarfi, vali o.fl. til að hvert barn fái notið sín.

Leiðtogahæfni

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að innleiða leiðtogahugsun en slík menning felur í sér aðstæður þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að byggja á sínum eigin styrkleikum.

Hlutverk kennarans er að mæta hverju barni á þann hátt að það hafi eitthvað sérstakt við sig og geti fundið styrkleika sína. Markmiðið er að koma auga á styrkleikana og hjálpa barninu að sjá þá líka, þetta viðhorf fléttast inn í allt leikskólastarfið. Í daglegu starfi fá börnin ákveðin leiðtogahlutverk sem stuðla að sjálfstæði, gleði og aukinni ábyrgð. Unnið er markvisst að því að hvert barn nái að verða besta útgáfan af sjálfu sér og geti fetað inn í framtíðina með sjálfstraust og færni til að takast á við verkefni lífsins.

Leikskólalæsi

Leikskólalæsi er grundvallarþáttur í leikskólastarfinu. Lögð er mikil áhersla á málörvun með það að leiðarljósi að góður málproski sé undirstaða alls náms og velfarnaðar í leik og starfi. Umhverfið er lestrarhvetjandi og miðar leikskólalæsi að því að efla og styrkja málvitund barna og kynna ritmál til sögunnar.

Hlutverk kennara er að hafa til hliðsjónar alla þætti læsis það er tal, hlustun, lestur og ritun. Kennarar nota m.a. barnabækur og spil sem uppsprettu umræðna, sköpunar og leikja.

Heilsuefling

Klettaborg er Heilsueflandi leikskóli og vinnur samkvæmt samnefndri handbók sem er helsti leiðarvísir um verkefnið. Markvisst er unnið heilsueflandi skólastarf í gegnum átta lykilþætti, þeir eru; hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og kennarar leikskólans. Heilsueflandi leikskóli er heildræn stefna þar sem lögð er áhersla á gott samstarf kennara, foreldra, barna og nærsamfélags. Kennarar leitast við að vera góðar fyrirmyndir og hafa heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi í leikskólastarfinu.

Leikur og nám

Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáníng og gleðigjafi barnsins. Leikurinn er vinna barnsins og mikilvægasta náms- og þroskaleiðin. Í leiknum fær barnið útrás fyrir sköpunarþörf sína og hugmyndaflug ásamt því að tjá tilfinningar sínar og fá útrás fyrir þær. Í leik lærir barnið m.a. að umgangast jafnaldrar og taka tillit til annarra. Í sjálfsprottum leik læra börnin samskipti eins og samvinnu, að taka tillit til hvers annars, virða rétt annarra, samkennd og rækta vináttu. Barnið skapar úr eigin hugmyndaheimi, tekur ákvarðanir og leitar lausna.

Hlutverk kennara í leik barnanna er að styðja við nám í gegnum leik á margvíslegan hátt jafnt inni sem úti. Fylgst er vel með leiknum, kennarinn er til staðar til að örva og taka þátt, vekja áhuga, veita börnunum öryggi, veita stuðning, hrósa fyrir góðan leik og efla jákvæð samskipti. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir leiknum, kynna nýja möguleika, skapa sameiginlega reynslu og gefa leiknum nægan og samfelldan tíma.

Börnunum er gefinn kostur á fjölbreyttum viðfangsefnum s.s. frjálsum leik, kennslufræðilegum leik, skapandi starfi og að læra í gegnum sína eigin reynslu. Barnið fær tækifæri til að tjá sig í hópi og að njóta sín sem einstaklingur. Fátt veitir barninu jafn mikla gleði og góður leikur í hópi jafningja.

Leikstofum og húsakynnum er skipt upp í athafna- og leiksvæði eins og húsnæðið leyfir. Leikföng og annað efni er valið með tilliti til aldurs og þroska barnanna. Stefnt er að því að hafa hæfilegt magn í boði í einu og skiptast deildirnar á með ákveðinn efnivið, en þannig verður verkefnavalið fjölbreyttara.

Grunnþættir menntunar

Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar og samfélags. Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá leikskóla er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir fléttast inn í allt leikskólastarfið. Þeir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og bjarga sér í samfélagi með öðrum.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru samkvæmt aðalnámskrá samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar, þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Námssviðin eru fjögur: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti

Læsi er margþætt, það felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Málörvun er „rauður þráður“ í gegnum allt leikskólastarf og áhersla er lögð á málrækt. Leikur er mikilvæg náms- og kennsluleið til að kenna læsi og í leik kynnast börn áhrifamætti og margbreytileika tungumálsins. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Hæfni til samskipta er því mikilvægur þáttur í daglegu lífi.

Markmiðið er að æfa boðskipti, hlusta, taka tillit til annarra, þekkja eigin tilfinningar, skiptast á, setja sig í spor annarra og að börnin verði meðvituð um að við erum ekki öll eins. Áhersla er lögð á að gefa börnum nægan tíma til leiks, hvetja þau til að hlusta hvert á annað, taka þátt í umræðum, tjá tilfinningar, tala á jákvæðan hátt um sig sjálf og aðra, virða eignarétt annarra, deila með öðrum, taka þátt í hópastarfi, hvetja til hjálpssemi og umhyggju, bíða eftir að röðin komi að þeim, ganga frá eftir sig o.fl. Lögð er sérstök áhersla á að virða hvert barn og mismunandi þarfir, öll börn eru metin að verðleikum.

Lubbi finnur málbein er námsefni til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum 2-7 ára. Lubbi fer í ævintýraferð um Ísland í leit að 35

málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin fljótt og vel. Lubbi þarf aðstoð við að finna málbeinin og æfa þau og börnin hjálpa honum við það í leik og starfi.

Lögð er áhersla á að æfa sjö venjur til árangurs og leiðtogatungumálið til að efla jákvæð samskipti í daglegu starfi. Hlutverk kennarans er að stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Áhersla er lögð á að flétta málörvun inn í alla þætti leikskólastarfsins.

Markmið að börnin:

- tileinki sér sjö venjur til árangurs í leik og starfi
- geti tjáð tilfinningar sínar, skoðanir og langanir
- læri að nota málið í samskiptum m.a. til að leysa ágreining
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- læri virka hlustun
- öðlist góðan orðaforða og hugtakaskilning
- fái aukna hljóðkerfisvitund
- læri að þekkja bókstafi og hljóð þeirra
- skynji að texti er tákn fyrir talað mál
- öðlist leið til tjáskipta („Tákn með tali“ eða önnur samskiptaform)

Leiðir:

- Lubbi finnur málbein
- lestur bóka
- setja orð á hluti og athafnir
- kenna þulur, kvæði og söngtexta
- klappa atkvæði í orðum
- setja saman og taka í sundur orð
- ríma
- greina mismunandi merkingu orða
- greina hljóð í orðum
- efla orðaforða markvisst
- ritað mál gert sýnilegt og athygli barnanna vakin á því að texti er tákn fyrir talað mál
- tala saman og hlusta á aðra
- spyrja opinna og krefjandi spurninga

- segja frá og koma fram fyrir hóp
- nota „Tákn með tali“
- spila ýmis spil
- nota ípad/tölvu á markvissan hátt

Unnið er markvisst með leikskólalæsi sem miðar að því að efla og styrkja málvitund barna og kynna ritmál til sögunnar. Læsisverkefni eru aðlöguð aldri og þroska og markmiðið að allir fái verkefni við sitt hæfi.

Lykilatriði í námsaðstæðum eru:

- leikur til náms
- sköpun og tjáning
- örvandi námsumhverfi

Í samskiptum er **Tákn með tali (TMT)** nýtt sem leið til tjáskipta fyrir öll börn. „Tákn með tali“ (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Í TMT eru tákni alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hvernar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. TMT hægir á talhraða, örvar málvitund og málskilning barna.

Mikil áhersla er á að efla jákvæð samskipti og er **vináttuverkefni Barnaheilla „Fri for mobberi“** meðal annars notað í starfinu og í skipulögðum stundum. Vináttuverkefnið er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskóla og er upprunnið í Danmörku. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði sem á uppruna sinn í Danmörku. **Bangsinn Blær** er táknmynd vináttunnar og hjálpar börnunum að vera góður félagi og gæta hvers annars. Grunnildir verkefnisins eru **umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki**. Gildin eru samofin öllu skólastarfinu auk raunhæfra verkefna fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

Daglegt starf

Það er mikilvægt að börnin taki þátt í daglegu starfi í leikskólanum en með því öðlast þau færni til að gegna hinum ýmsu hlutverkum eftir því sem færni og þroski eykst. Leikskólanám er samþætt nám þar sem börnin læra við mismunandi aðstæður.

Lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð auk þess sem börnin taka þátt í ýmsum ákvörðunum sem snúa að daglegum athöfnum. Öll tækifæri eru

nýtt til að örva færni barnanna t.d. í matartímum, fataklefa og á snyrtingu.

Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti leikskólastarfsins. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd en við það skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Í hinu daglega leikskólastarfi er tekið mið af þroska barnanna, aldri, þörfum og dvalartíma. Til að börnunum líði vel í leikskólanum þarf að vera ákveðinn „rammi“ um starfsemina sem er dagskipulagið. Börnin vita þannig að hver dagur gengur í stórum dráttum eins fyrir sig og öðlast þau með því ákveðið traust og öryggi. Leikskólastarfið er sveigjanlegt og tekur mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna.

Börnin taka þátt í að móta og þróa leikskólastarfið og leitað er eftir þeirra áliti varðandi ýmis málefni s.s. viðfangsefni, verkefnaval, viðburði, samskiptareglur, ýmsar ákvarðanir o.fl.

Við leitumst við að heyra raddir foreldra varðandi daglegt starf m.a. með því að leita álits, hvetja til þátttöku, gera kannanir um ýmis málefni, eiga regluleg foreldrasamtöl, halda fundi o.fl.

Róleg stund

Hver dagur byrjar og endar á frjálsum tíma þar sem lögð er áhersla á rólega leiki eins og að skoða bók, púsla, lita, kubba, spjalla saman o.fl. Reynt er að finna verkefni við hæfi, það fer eftir fjölda og aldri barnanna hverju sinni.

Val – frjáls leikur

Á eldri deildum er val/frjáls leikur, þar sem börnin velja eftir ákveðnu kerfi milli leiksvæða og/eða verkefna sem eru skipulögð með tilliti til uppeldislegra forsendna. Á öllum deildum er boðið upp á val milli deilda en þannig læra börnin að umgangast sér yngri og/eða eldri börn.

Húsnæði leikskólans er skipt í svæði og er takmarkaður fjöldi barna á hverju svæði. Valið einkennist af frjálsum, sjálfsprottum leik og barnið fær kost á að velja og hafna, stundum þarf að velja næstbesta kostinn. Með vali er verið að ýta undir frumkvæði barnanna, efla sjálfstæði, sjálfsmynd og að þau læri að bera ábyrgð á eigin ákvörðun.

Val barnanna er skráð og markmiðið er að stuðla að sjálfstæði og læra að taka ákvörðun út frá fjölbreyttum möguleikum. Valið gefur kost á fjölbreyttum verkefnum og nýtir vel húsnæði, kennslugögn og búnað leikskólans.

Yngri börnin eru í frjálsum leik á ákveðnum svæðum og fá tækifæri til að taka þátt í vali á eldri deildum.

Samverustund/söngstund

Í samverustundum er börnunum skipt í hópa eftir aldri og þroska. Í þeim er m.a. lögð áhersla á málþroska, vitsmunabroska og félagsþroska. Þá eru lesnar bækur, sagðar sögur, kenndar vísur og þulur, farið í spurningaleiki og fleiri leiki. Gefið er tækifæri til samræðna sem byggja á opnum spurningum og börnin hvött til að færa rök fyrir máli sínu. Einnig er farið yfir hugtaka-, lita- og talnaþekkingu ásamt styrkingu á sjálfsvitund og þekkingu á eigin persónu og nánasta umhverfi s.s. heiti líkamshluta, nafn, aldur, nöfn foreldra, heimili o.fl.þ.h. Börnin eru þjálfuð í framkomu, það er að koma fram fyrir framan hópinn og segja frá.

Börnin skiptast á að fá það hlutverk að vera Bókaleiðtogi, eitt í hverri viku. Þá koma þau með bók að heiman sem er lesin í samverustund og fjallað er um innihald bókarinnar.

Söngstundir eru inni á hverri deild fyrir sig, þá eru sungin þau lög sem verið er að leggja áherslu á að börnin læri hverju sinni. Þátttaka barnanna byggist líka á að þau fái að skiptast á að vera Tónlistarleiðtogar og stjórna í söngstundum. Sameiginleg söngstund allra deilda er reglulega. Tilgangurinn með söngstundum er að örva samkennd með börnunum, efla áhuga þeirra á söng og kenna þeim þulur, vísur, ljóð og lög.

Fataklefi

Börnin læra smátt og smátt að klæða sig úr og í og ganga frá eftir sig. Í fataklefanum er gefinn nægur tími til að klæða sig, börnin eru hvött til sjálfshjálpar og einnig til að hjálpa hvert öðru. Eldri börnin aðstoða þau yngri í fataklefum eftir útiveru og eru þá Hjálparleiðtogar tvö og tvö í senn. Börnunum er kennt að klæðast eftir veðri. Mikið nám fer fram í fataklefanum m.a. málörvun, lagt er upp úr því að setja orð á hluti og nota ýmis hugtök.

Öll börnin eiga sérhólf í fataklefanum sem er merkt með mynd, nafni, fæðingardegi og nöfnum foreldra.

Starf með elstu börnum

Skólahópar eru fyrir elsta árganginn í leikskólanum. Í skólahópum eru unnin fjölbreytt og sértæk verkefni sem eru eins konar undirbúningur fyrir grunnskólagöngu. Unnið er markvisst með leikskólalæsi og stærðfræði, meðal annars í stöðvavinnu með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Hvert barn á sína verkefnabók sem unnið er í jafnt og þétt yfir veturinn. Sérstök áhersla er lögð á fínhyringar, einbeitingu, úthald og aga.

Markmið með starfi elstu barna er að

- efla sjálfstæði og frumkvæði
- efla hópkennd
- auka færni í að leysa margvísleg verkefni
- auka einbeitingu
- veita markvissa málörvun
- undirbúa þau fyrir grunnskólagöngu

Heilbrigði og vellíðan

Mikilvæg forsenda vellíðunar og velgengni í námi er líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði, það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Skólastarf þarf að stuðla að markvissri velferð, efla heilbrigði og vellíðan í leik og starfi. Heilsueflandi skólastarf stuðlar að jákvæðum skólabrag og umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Samkvæmt aðalnámskrá eru helstu þættir heilbrigðis: Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Hreinlætisvenjur/umgengni

Í leikskólanum er lögð áhersla á hreinlæti. Börnin læra almennar hreinlætisvenjur t.d. að þvo sér um hendur fyrir matartíma, eftir salernisferðir og eftir útiveru og tannbursta og þvo sér um munn og hendur eftir matmálstíma. Þannig eru börnin snyrtileg og fá tilfinningu fyrir hreinlæti.

Í Heilsuefandi leikskóla er tannheilsa mikilvæg og eru börnin tannburstuð eftir hádegismatinn.

Börnunum er kennt að ganga vel um. Þau læra að ganga frá eftir sig í leik og starfi og venjast því að hafa snyrtilegt í kringum sig.

Hádegisstund

Hádegisstund er nauðsynleg í erli dagsins til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan. Hádegisstund er á öllum deildum eftir hádegismat, mismunandi útfærsla er eftir aldri barnanna.

Yngri börnin hvíla sig við lestur sögu, leikrits eða tónlistar.

Með eldri börnum eru unnin ýmis verkefni tengd leikskólalæsi, stærðfræði o.fl. auk þess að efla einbeitingu og úthald.

Útivera/útikennsla

Útivera er mikilvægur þáttur með megináherslu á frjálsan leik og hreyfingu. Áhersla er lögð á að efla alhliða þroska barnanna og því er útisvæðið skapandi og fjölbreytt. Útivera er börnum holl, hún styrkir, eflir, eykur mótstöðuafli, matarlyst og býður upp á góða hreyfingu undir eftirliti og leiðsögn kennara.

Þegar útiveru lýkur hjálpast allir að við að taka saman og hlaupa svo einn hring áður en farið er inn. Í útiveru er einnig farið í skipulagða hreyfileiki, vettvangsferðir og tækifærin nýtt þegar vel viðrar til útikennslu.

Útikennsla er mikilvæg tenging við náttúruna og gefur börnunum tækifæri til þess að nota öll skilningarvitin auk þess sem þau fá að upplifa hlutina sjálf og öðlast þannig aukna persónulega reynslu. Útikennsla veitir börnunum einnig tækifæri til athafna þar sem þau þroskast og leika sér á eigin forsendum. Forvitni barna og hugmyndaflug getur eflst auk þess sem börnin fá fleiri tækifæri til þess að vera þátttakendur í hóp. Þegar námið er fært út fyrir vegg leikskólans gefur það aukinn möguleika til að samþætta námsgreinar og á þann hátt getur kennslan orðið líflegri og fjölbreyttari. Þær athafnir sem eiga sér stað jafnt innan sem utandyra verða í meira samhengi við hverja aðra. Með útikennslu fá börnin aukin tækifæri til þess að kynnast umhverfi sínu. Þau upplifa fjölbreytileika náttúrunnar á eigin forsendum, kanna

nærumhverfi sitt, bæði á útisvæði og í nágrenni leikskólans og kynnst því samfélagi sem þau eru þátttakendur í.

Matmálstímar

Áhersla er lögð á að matmálstímar séu rólegar stundir þar sem öllum á að geta liðið vel. Bæði börn og kennarar hafa sín föstu sæti við borðið, það skapar festu og öryggi. Á matmálstímum gefst gott tækifæri til að spjalla saman og er lögð áhersla á góða borðsiði auk uppeldislegs og félagslegs gildis máltíða m.a. með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Börnin taka þátt í undirbúningi matmálstíma með því að skiptast á að vera Þjónaleiðtogar; það er leggja á borðið, ná í matinn og segja frá hvað er í boði (TMT). Lögð er áhersla á sjálfshjálp, að börnin rétti hvert öðru, sýni kurteisi og tillitssemi. Börnin eru hvött til að fá sér sjálf á diskinn en er hjálpað eftir aldri og þroska, ekki er gefið mikið í einu en ætlast er til að þau smakki á öllum mat. Þegar allir eru tilbúnir að borða býður Borðleiðtogi að gjöra svo vel og þegar matmálstíma lýkur ganga eldri börnin frá mataráhöldum á matarvagninn og þakka fyrir matinn (TMT).

Lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan heimilismat sem unninn er frá grunni.

Matseðill er aðgengilegur í fataklefum og á heimasíðu leikskólans. Breytingar geta orðið á matseðli vegna óviðráðanlegra orsaka.

Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Áhersla er lögð á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Boðið er upp á salinn í val tíma á hverjum degi, bæði fyrir og eftir hádegi, þar sem börnum gefst tækifæri til að hreyfa sig frjálst og einnig er farið í skipulagða hreyfileiki. Daglega fyrir morgunmat er morgunleikfimi sem útfærð er eftir aldri og þroska á hverri deild. Leikfimisleiðtogi stýrir morgunleikfimi á eldri deildum.

Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og góð hreyfifærni eykur sjálfstraust barna.

Markmið að börnin:

- öðlist andlega og líkamlega vellíðan
- fái útrás fyrir fjölbreytta hreyfingu
- skynji líkama sinn og nái stjórn á hreyfingum sínum

- fái rými til að hreyfa sig jafnt úti sem inni
- öðlist færni í fín- og grófhreyfingum
- auki úthald, einbeitingu og styrk

Leiðir:

- frjáls leikur og hreyfileikir
- vettvangsferðir um nánasta umhverfi
- hreyfistundir inni og úti
- ýmis fín- og grófhreyfinga viðfangsefni s.s. að kubba, teikna, leira, klippa, perla o.fl.
- sjálfshjálp í athöfnum daglegs lífs
- morgunleikfimi
- jóga

Jóga er alhliða mannræktarkerfi sem á upptök sín í fornri menningu Indverja og miðar að þroskun líkama, hugar og sálar. Jóga og jógaleikir eru góð leið sem nýtt er til að efla hreyfingu, jafnvægi, teygjur og slökun sem stuðlar að hugarró. Mikilvægt er að kenna jóga samkvæmt eigin áhuga og getu og miðla síðan til barnanna í samræmi við þroska þeirra og hæfni.

Sjálfbærni og vísindi

Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Börn þurfa að fá tækifæri til að beita ýmsum aðferðum við að kanna, reyna og skilja umhverfi sitt. Stutt er við fróðleiksþorsta barnanna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.

Mikilvægt er að þekkja náttúruna og opna augu barnanna fyrir nánasta umhverfi sínu. Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að kanna og upplifa náttúruna, umhverfið og verndun þess.

Markmið að börnin:

- öðlist þekkingu og beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu s.s. dýrum, plöntum, árstíðum, ræktun, endurvinnslu, umgengni um náttúruna o.fl.
- þekki árstíðirnar og fræðist um muninn á þeim
- skynji mismunandi veðurfar
- þekki örnefni í nánasta umhverfi

- læri að varast hættur í umhverfinu
- læri að sjálfbærni feli í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því
- læri að flokka og endurnýta pappír o.fl.
- læri með því að prófa, skynja og fikra sig áfram á eigin forsendum
- velti vöngum yfir stærðfræðilegum viðfangsefnum

Leiðir:

- dagleg útivist
- vettvangsferðir
- umræður um árstíðirnar – söngvar/verkefni
- umræður um veðrið
- klæða sig eftir veðri
- umferðarfræðsla
- leitast við að koma til móts við þarfir samtímans án þess að það bitni á komandi kynslóðum
- safna saman og flokka endurnýtanlegan pappír og rafhlöður
- endurnýta verðlaust efni
- gróðursetning, rækta kartöflur, grænmeti
- gera tilraunir af ýmsu tagi
- uppgötvunarnám
- vinna með tölur, tákn og mynstur
- nýta fjölbreytta tækni
- sveita- og fjöruferðir

Numicon stærðfræðigögn

Unnið er með Numicon námsgögn sem m.a. eru byggð á hugmyndafræði Catherine Stern, Mariu Montessori og Emile Cuisenaire. Megin-hugmyndin að baki stærðfræðinni er mynstur. Þannig er öll vinna með mynstur mjög mikilvæg til að efla stærðfræðiskilning. Jafnframt nýtist Numicon við kennslu barna með frávik í þroska þar sem námsefnið er bæði myndrænt og áþreifanlegt.

Sköpun og menning

Sköpunarhæfni er afl og þroskagjafi í sálarlífi ungra barna. Sjálf barnsins er þungamiðjan í öllu sköpunarferli þar sem barnið tjáir sig á eigin forsendum og við það styrkist sjálfsmýnd þess.

Markmiðið er að börnin kanni umhverfið sitt, rannsaki og skoði hlutina sjálf. Áhersla er lögð á að skapa aðstöðu og tækifæri til tjáningar, hvetja börnin til að tjá eigin upplifun og það sem þeim býr í brjósti. Leitast er við að hafa allan efnivið aðgengilegan og skapa lærdómsríkt og örvasandi umhverfi.

Sköpunargleði barna nýtur sín í leik með opinn efnivið t.d. einingakubba og alls kyns verðlausan efnivið þar sem lausnir eru ekki gefnar fyrirfram. Þannig mistekst engu barni heldur eflist útsjónarsemi og gleði við að gera tilraunir sem hægt er að prófa aftur og aftur. Í skapandi hugsun og í leik rannsaka börn möguleika út frá mörgum sjónarhornum, við lærum hvert af öðru og ekkert eitt svar er rétt.

Skapandi starf beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, hamingjunni og námi sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Í daglegu starfi æfa börnin sig í að leysa vanda, þjálfaræni, prófa aftur og hjálpast að. Mikilvægt er að skapa aðstæður fyrir skapandi leik sem hefur ótakmarkaða möguleika.

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill og er lögð áhersla á frjálsa og skapandi myndgerð sem er mikilvægur þáttur í alhliða þroska barna. Börnin fá fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnum það er teikna, vatnslita, mála, klippa, líma, móta úr leir/deigi, smíða, sauma, vinna með verðlaust efni o.s.frv. Megináhersla er lögð á sjálfstæða myndsköpun en ekki að öll börnin geri eins.

Tónlist er mikilvæg öllum börnum þar sem fyrstu árin eru mikilvæg næmiskeið í tónlistarþroska. Öll börn þurfa að fá tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu, hlustun, leik með hljóðgjafa og að hlúa að hinu sjálfsprottna.

Hlutverk kennarans er að einblína á barnið sjálft, reynslu þess og upplifun en ekki afurðina sjálfa.

Markmið að börnin:

- fái tækifæri til að efla sköpunargleði sína og hugmyndaflug og setja í myndrænt form þá upplifun sem þau hafa öðlast
- tjái sig á fjölbreyttan hátt

- læri sjálfstæð vinnubrögð
- öðlist sjálfstraust og sjálfstæði
- læri verkfærni t.d. grip, klippa, líma o.fl.
- efli samhæfingu augna og handa
- öðlist sönggleði með fjölbreyttu lagavali
- hlusti á fjölbreytta tónlist og njóti hennar
- fái að skapa tónlist með söng og hljóðfærum
- fái þjálfun í hlustun og að greina hljóð í umhverfinu
- séu hvött til skapandi hreyfinga
- fái tilfinningu fyrir takti og hrynjanda
- taki þátt í að móta menningu leikskólans með ýmsum hefðum og viðburðum
- læri að njóta fjölbreyttrar menningar og lista

Leiðir:

- hvetja börnin til að skapa sjálf
- fjölbreyttur og aðgengilegur efniviður
- opinn efniviður
- afrakstur gerður sýnilegur
- virðing borin fyrir verkum barnanna
- leiðbeina og hvetja á jákvæðan hátt
- áhöld og verkfæri sem henta börnum
- söngstundir
- söngur/söngleikir/hreyfisöngvar
- hljóðfæri og fleiri hljóðgjafar
- vettvangsferðir
- hlustun, dans og hreyfing
- taka þátt í samfélagslegum viðburðum
- halda í gamlar hefðir og siði

Vinnustundir

Vinnustundir eru hópastarf þar sem unnið er með ákveðið viðfangsefni eftir námssviðum leikskóla.

Í vinnustundum er unnið markvisst að því að börnin læri að vinna sjálfstætt og skapandi á eigin forsendum. Einnig er lögð áhersla á að börnin læri að virða hvert annað og læri að taka tillit hvert til annars í hópastarfinu en með því öðlast þau margþætta félagslega reynslu.

Markmið með hópastarfinu er að:

- auka sjálfstæði og áræðni barnanna
- efla alhliða þroska barnanna
- efla tengsl barnanna, að vera hluti af hóp og læra að vinna saman
- efla tengsl barnanna við kennara
- kennarinn meti styrkleika barnanna og veikleika og hjálpi þeim að takast á við verkefni.

Í leikskólastarfinu er unnið með Könnunarleik á yngstu deildinni. Aðferðin stuðlar að skapandi starfi og að barnið sé virkt í þekkingarleit sinni.

Könnunarleikur

Könnunarleikur með hluti er dregið af enska orðinu heuristic eða gríska orðinu eurisko sem þýðir meðal annars „að öðlast skilning á...“.

Í könnunarleiknum eru börnin rannsakendur og skoða viðfangsefni sem hafa margar lausnir. Viðfangsefnið er verðlaust efni s.s. lyklar, dósir, keðjur, lok o.fl. Í upphafi er hlutunum raðað upp, börnin velja sér hluti og nota þá eftir eigin vali á margvíslegan hátt. Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Börnin leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að nota hluti á margan hátt - engin niðurstaða er rétt eða röng. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta, snerta, skoða og smakka, einnig reyna þau á gróf- og fínhreyfingar. Tíminn sem er notaður í tiltekt er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Þá læra börnin að fara eftir fyrirmælum t.d. að taka tvö rauð lok, ásamt því að læra að í tiltekt felast ákveðin verklok.

Markmið með könnunarleiknum er að börnin:

- leiki sér ótrufluð án fyrirmæla
- læri að einbeita sér
- efli sjálfstæði og sjálfræði í vinnubrögðum
- leysi sjálf úr deilum sem upp koma
- þjálfist við að finna lausnir

Jafnrétti/lýðræði/mannréttindi

Klettaborg starfar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var staðfestur fyrir Íslands hönd 1992. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það

sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja sáttmálanum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum.

Jafnrétti er yfirhugtak sem nær til eftirfarandi þátta: Aldurs, búsetu, kyns, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis.

Í daglegu starfi er leitast við að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum á jafnréttisgrundvelli. Áhersla er lögð á að kennarar og börn fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti innan leikskólans.

Lýðræði og mannréttindi eru mikilvæg í menningu leikskólans. Tekið er mið af því að börn séu virkir einstaklingar í lýðræðisþjóðfélagi og að í öllum starfsháttum sé borin virðing fyrir manngildi hvers og eins.

Börnin kynnast smátt og smátt því samfélagi sem þau lifa í. Lögð er áhersla á að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Leikskólastarf mótast alltaf að hluta til eftir staðsetningu og umhverfi. Farið er í ýmsar ferðir um nágrenni leikskólans, þá fá börnin aukna tilfinningu fyrir vegalengdum jafnframt því að læra ýmsar hegðunar- og umferðarreglur.

Reglulega eru haldnir krakkafundir þar sem börnin geta komið sínum hugmyndum á framfæri varðandi leikskólastarfið eða annað sem brennur á þeim.

Fjölmening

Leikskólastarfið á að einkennast af jafnréttishugsun og taka mið af fjölbreytileikanum í barnahópnum. Öllum börnum á að líða vel og þau eiga að fá að njóta sín sem einstaklingar. Litið er á fjölbreytileikann í barnahópnum sem kost og eiginleikar hvers og eins metnir að verðleikum, leikskólastarfið verður þannig fjölbreyttara og skemmtilegra. Markmiðið er að kennarar og börn verði hæf til að takast á við, virða og meta fjölbreytileikann í samfélaginu. Það er sérstaklega mikilvægt að styrkja foreldra barna af erlendum uppruna í að viðhalda móðurmálinu um leið og barnið lærir og kynnist íslensku tungumáli, samfélagi, siðum og venjum.

Í leikskólanum er móttökuáætlun um móttöku og starf með börnum af erlendum uppruna.

Markmið að börnin:

- þekki uppruna sinn
- kynnist því samfélagi sem við lifum í
- þekki staðsetningu leikskólans, sveitarfélagsins, landsins o.s.frv.
- ræði og þekki siðferðislegar reglur í samfélaginu
- fræðist um ýmsar hátíðir, þjóðlega siði og mismunandi venjur
- þekki ólíkar fjölskyldugerðir
- rækti virðingu fyrir öðrum
- temji sér jákvætt viðhorf til ólíks uppruna og sérkenna annarra
- þekki sinn innri mann og styrki sjálfstraust sitt
- beiti röklegri hugsun, spyrji spurninga og leiti svara, virði lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og í samfélaginu
- séu virkir þátttakendur í ákvarðanatöku

Leiðir:

- umræður um mismunandi einstaklinga, mismunandi fjölskyldumynstur og ólíka menningarheima
- fjölbreytt leikefni
- sérkenni hvers og eins virt
- notkun landakorts og hnattlíkans
- lestur bóka
- hlusta á tónlist frá öðrum löndum
- vettvangsferðir og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir
- námsefnið Blær
- atkvæðagreiðslur um ýmis málefni

Sérþarfir barna

Leikskólinn leggur áherslu á að fullt tillit sé tekið til barna sem á einhvern hátt eru fötluð eða með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika. Mikilvægt er að öll börn fái viðfangsefni við sitt hæfi og þess gætt að ekkert barn einangrist heldur aðlagist barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar þar sem lögð er áhersla á að unnið sé markvisst eftir viðurkenndum aðferðum til þess að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er.

Megináhersluþættir snemmtækrar íhlutunar:

- Íhlutun hefst sem fyrst enda er tímabilið frá fæðingu barns fram að sex ára aldri sérlega mikilvægt fyrir þroskaframvindu barnsins
- Áhersla er lögð á að íhlutun sé í samvinnu við foreldra barnsins
- Mikilvægt er að þeir aðilar sem vinna með barninu hafi fagþekkingu á eðli þroskafrávika þess og þeim aðferðum sem notaðar eru
- Íhlutun fer fram við þær aðstæður sem árangursríkastar eru fyrir hvert barn
- Áhersla er lögð á þverfaglega nálgun og samvinnu á milli fagaðila

Aðaláhersla er á að sérkennsla/stuðningur fari fram í daglegu starfi þar sem barnið lærir mest í gegnum leik og í samstarfi við önnur börn. Hafa þó í huga að hvert barn er einstakt og er sérkennsla hagað með hagsmuni barnsins í huga. Lögð er áhersla á að finna styrkleika hvers og eins með það að markmiði að efla og styrkja eiginleikana til sjálfstrausts og trúar á eigin getu.

Einstaklingsnámskrár og markmið fyrir hvert barn eru ákveðin eftir þörfum í samráði við foreldra á reglulegum fundum.

Markmið með sérkennslu/stuðningi er að:

- styðja sem best við barnið svo það fái notið leikskóladvalar sinnar
- einblína á styrkleika hvers og eins og styrkja jákvæða sjálfsmynd
- skapa öllum börnum jöfn skilyrði til náms
- örva alla þroskaþætti barnsins
- leggja áherslu á að fjölbreytileikinn sé eðlilegur og eftirsóknarverður

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 21. og 22. gr. eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónustan fer fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og skólalþjónustu Borgarbyggðar í samráði við foreldra. Símenntunaráætlun leikskólans tekur m.a. mið af þörfum varðandi þroskafrávik barna hverju sinni. Þegar barn með sérþarfir fer í grunnskóla skilar leikskólinn skriflega helstu upplýsingum um barnið til grunnskóla auk greininga frá sérfræðingum.

Fjölskyldan og leikskólinn

Mikil og góð samvinna við foreldra er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.

Við upphaf leikskólagöngu er lagður grunnur að samstarfi heimilis og skóla þar sem umhyggja og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi. Borin er virðing fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og menningu. Samstarfið byggist á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir ólíkum viðhorfum og gagnkvæmu trausti og trúnaði. Samstarfið byggir jafnframt á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Túlkaþjónusta er í boði fyrir foreldra barna af erlendum uppruna eins oft og þurfa þykir.

Foreldrar eru hvattir til að kynna sér starfshætti leikskólans og taka þátt í daglegu starfi. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann.

Lögð er mikil áhersla á að koma upplýsingum sem varða leikskólastarfið til foreldra, m.a. með vikulegum fréttaskotum, tölvupósti, á upplýsingatöflu og í daglegum samskiptum.

Leikskólinn er aðili að Heimili og skóli sem eru landssamtök foreldra. Meginmarkmið samtakanna er að efla foreldra og fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu, „virkir foreldrar – betri leikskóli“. www.heimilhogskoli.is

Starfsfólk eru bundnir þagnarskyldu um málefni barna og um fjölskyldur þeirra, þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 11. gr. er starfandi foreldraráð sem kosið er til eins árs í senn. Helsta hlutverk þess er að gefa umsagnir, fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og öðrum áætlunum er varða leikskólastarfið. Leikskólastjóri starfar með foreldraráði.

Samkvæmt 10. gr. sömu laga er starfandi foreldrafélag við leikskólann, meginhlutverk þess er að vera í samstarfi við leikskólann um ýmis málefni, viðburði og velferð barna.

Foreldrahandbók

Í upphafi leikskóladvalar fá foreldrar foreldrahandbók leikskólans þar sem fram koma ýmsar hagnýtar upplýsingar sem varða starfsemi leikskólans. Foreldrahandbókina má einnig nálgast á heimasíðu leikskólans www.klettaborg.leikskolinn.is

Tengsl skólastiga

Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga. Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Mikilvægt er til að ná þessum markmiðum að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum á starfi og starfsaðstæðum hvers annars.

Ekki er stefnt að því að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra.

Í aðalnámskrám grunn- og leikskóla segir:

„Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst“.

Á öðrum stað standur:

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra“.

Samstarfsáætlun Grunnskólans í Borgarnesi og Klettaborgar byggir á þessum áherslum. Í samstarfsáætluninni er gert ráð fyrir nemenda- og kennaraheimsóknum, stjórnendafundum og kynningarfundum. Áætlunin er í stöðugri þróun og endurskoðun.

Í starfi með elstu börnum er reglulegt samstarf við leikskólann Ugluklett í Borgarnesi með það að markmiði að börnin kynnist á milli leikskólanna fyrir upphaf grunnskólagöngu.

Miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008, 16. gr. segir:

„Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun.“

Í 3. gr. reglugerðar um skil og miðlun upplýsinga á milli skólastiganna er tiltekið að til nauðsynlegra upplýsinga teljist m.a.

persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms, leiks eða annars skólastarfs.

Deildarstjóri verðandi grunnskólabarna boðar til foreldraviðtals að vori um miðlun ofangreindra upplýsinga.

Mat á skólastarfi

Leikskólastarf er þróunarstarf sem þarf að vera í stöðugri endurskoðun og þróun til þess að markmiðum sé náð.

Tilgangur þess að meta leikskólastarf er að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat og hins vegar ytra mat.

Innra mat

Innra mat er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi og á að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á leikskólastarfinu. Að auki er innra mat ætlað til að auka vitund kennara um ábyrgð þeirra á starfsemi leikskólans og vera liður í foreldrasamstarfi.

Leikskólastarfið er í stöðugri endurskoðun á starfsmannafundum, deildafundum og deildastjórafundum. Einstakir þættir leikskólastarfsins eru endurmetnir og mál leyst eins fljótt og auðið er.

Reglulega eru gerðar kannanir meðal foreldra um ýmis málefni. Markmiðið er að foreldrar geti lagt mat á leikskólastarfið, líðan og nám barna, samskipti, samstarf, þjónustu o.fl. Tekið er mið af niðurstöðum við mótun leikskólastarfsins.

Fleiri kannanir eru gerðar reglulega til að meta starfið t.d. könnun á líðan elstu barna, starfsmannakönnun, aðlögun nýrra barna/foreldra og ýmsar kannanir/gátlistar varðandi heilsueflandi skólastarf.

Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um starfsemi leikskóla. Niðurstöðum ytra mats ber að fylgja eftir og tekur eftirfylgni ráðuneytisins mið af niðurstöðum hverju sinni.

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla í Borgarbyggð í umboði sveitarstjórnar og hefur eftirlit með því að starfsemin samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Menntamálaráðuneytið tók út starfsemi Klettaborgar árið 2005 og hægt er að nálgast skýrsluna á vef Menntamálaráðuneytisins. Matsaðilar (Bryndís Garðarsdóttir og Sigurlaug Einarsdóttir) töldu að leikskólinn uppfyllti í meginatriðum þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar. Meginkosti leikskólans töldu matsaðilar felast í stjórnun hans, öflugri skráningu og upplýsingamiðlun ásamt markvissu uppeldis- og menntastarfi.

Mat á námi og velferð barna

Við mat á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á:

- alhliða þroska
- sjálfstæði
- áhugasvið
- þátttöku í leik, úti og inni
- félagsfærni og samkennd
- frumkvæði og sköpunarkraft
- tjáningu og samskipti

Í Klettaborg eru fjölbreyttar aðferðir til að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni. Matið á að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna og stuðla að jafnrétti til menntunar.

TRAS – skráning á málþroska ungra barna

Í leikskólanum er fylgst með þroska hvers einstaks barns, hluti af þeirri eftirfylgd varðar málþroska barnsins. TRAS-skráning er verkfæri sem notað er til að skrá og fylgjast með málþroska ungra barna. Við skráningu koma fram ákveðnar vísbendingar um hvort þroski barns sé aldurssvarandi og eru niðurstöður ræddar í foreldraviðtölum. Ef frávik eru frá aldurssvarandi viðmiðum er skráningin nýtt til frekari athugana og íhlutunar í samráði við sérfræðinga og foreldra.

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og það skiptir ekki bara máli hvað er sagt, heldur hvernig það er sagt. Góður málþroski, þar á meðal góð hljóðkerfisvitund, eykur líkur á farsælu lestrarnámi.

Niðurstöður eru kynntar foreldrum, en þó ber að hafa í huga að niðurstaðan úr prófinu er aðeins vísbending en ekki endanleg niðurstaða. HLJÓM-2 er lagt fyrir í október og aftur í febrúar ef árangur er slakur í október.

Ýmsar athuganir og skimanir sem notaðar eru eftir þörfum:

- Orðaskil
- Smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn
- Athuganir á hreyfiþroska
- Mat á leikskólalæsi
- Atferlisathuganir
- Færniskema fyrir 5-6 ára
- Gerd Strand, mat á stöðu 4 ára nemenda
- Fleiri athuganir/skimanir eftir þörfum

Öryggismál

Öryggi barna í leikskólanum er tryggt eftir fremsta megni á meðan á dvöl þeirra stendur. Leikskólinn er griðastaður barna og mikil ábyrgð hvílir á kennurum við að hlúa að börnum og tryggja öryggi í daglegu starfi. Velferð barna er sameiginlegt verkefni skóla og heimila. Mikilvægt er að börnin fái notið bernsku sinnar og eigi góðar minningar úr leikskólanum. Sameiginleg sýn leikskólans á velferð barna byggir á eftirfarandi:

- Félagslegu öryggi sem felst í því að börnin njóti viðurkenningar og geti metið stöðu sína út frá eigin verðleikum
- Tilfinningalegu öryggi þar sem börn upplifa væntumþykju
- Trausti þar sem börn geta treyst kennurum sínum og upplifi öryggi

Í áhersluatriðum leikskólans og daglegu starfi birtist þessi sýn á skýran hátt.

Varðandi öryggismál er tekið mið af **Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum** sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í ágúst 2014.

Vettvangsferðir

Í vettvangsferðum eru börn og kennarar endurskinsvestum og að jafnaði fara ekki fleiri en fimm börn með hverjum kennara.

Til öryggis hafa kennarar gsm-síma meðferðis í vettvangsferðum.

Umferðaröryggisáætlun

Ábyrg og örugg hegðun í umferðinni er mikilvæg til að stuðla að eigin öryggi og annarra. Í umferðaröryggisáætlun leikskólans er lögð áhersla á að börn auki þekkingu og skilning á umferðarreglum, efli færni með hagnýtum þjálfunaræfingum og styrki og móti viðhorf sitt til ábyrgrar hegðunar í umferðinni.

Bílastæði

Mjög mikilvægt er að foreldrar og aðrir sýni tillitssemi á bílastæðinu það er sýni aðgát, reyni að nýta það sem best á álagstímum, virði bílastæði fatlaðra og gæti barna sinna vel.

Athugið! Það skapar hættu og er mikill mengunarvaldur að hafa bifreiðar í gangi á bílastæðinu.

Barnavernd

Ef kennarar verða í starfi sínu varir við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að heilsu og þroska barns sé stefnt í hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Tilkynnt er til barnaverndarnefndar þótt einungis sé grunur um ofangreind atriði.

Leikskólinn starfar samkvæmt barnaverndaráætlun sem er viðbragðsáætlun um aðgerðir ef grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi (líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt). Barnaverndarráð leikskólans ber ábyrgð á að fylgja eftir málum sem tengjast barnavernd.

Af öryggisástæðum er óheimilt að börn yngri en 12 ára sæki börn í leikskólann.

Brunaáætlun/rýmingaráætlun

Í leikskólanum er í gildi brunaáætlun sem er viðbragðsáætlun um aðgerðir ef upp kemur eldur/reykur í húsnæði leikskólans. Brunnaáætlunin er endurskoðuð eftir þörfum. Reglulega eru framkvæmdar rýmingaráætlanir samkvæmt brunaáætlun.

Áfallaáætlun

Í leikskólanum er starfandi áfallaráð sem starfar samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Hlutverk áfallaráðs er að fara með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast sem snerta börn og starfsfólk leikskólans.

Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í Klettaborg, hvorki meðal barna né kennara. Eineltisáætlun leikskólans segir til um viðbrögð við hugsanlegu einelti og viðbrögðum við því. Ef upp kemur grunur um einelti er mikilvægt að hafa strax samband við kennara eða leikskólastjóra, einnig er hægt að tilkynna um grun vegna eineltis á eyðublaði sem er á heimasíðu leikskólans.

Vinnuvernd

Lögð er áhersla á að skapa sterka öryggismenningu og byggja upp öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og er vinnuverndarstefna til staðar í

leikskólanum. Samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 starfa öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður í leikskólanum. Þeirra hlutverk er að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi sé í samræmi við lög og reglur auk þess að gera reglulegt áhættumat.

Aðrar áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eru einnig til staðar í leikskólanum:

Viðbragsáætlun við ýmsum hættum (fárvirði, eldgos, vatnsflóð/leki, árásum, barn týnist) og viðbragðsáætlun við jarðskjálfta.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2011). *Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum.* Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt í janúar 2016 af [file:///C:/Users/Gu%C3%B0bj%C3%B6rg/Downloads/malumhv leiksk 2011%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/Gu%C3%B0bj%C3%B6rg/Downloads/malumhv%20leiksk%202011%20(1).pdf)

Atkinson, R., Tacon, R., Wing, T. (2004). *Numicon Kit1. Teaching guide.* Kristín Wallis íslenskaði. Reykjavík.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1992). Um barnasáttmálann. Sótt í janúar 2016 af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. (2013). *TRAS, skráning á málþroska ungra barna.* Námsmatsstofnun, Prenttækni.

Borgarbyggð. (2016). *Skólastefna.* Sótt í janúar 2016 af <http://www.borgarbyggd.is/pages/01stjornsysla/stefnur-og-markmid/skolastefna/>

- Bryndís Garðarsdóttir og Sigurlaug Einarsdóttir. (2005). *Mat á starfi leikskólans Klettaborgar í Borgarnesi: skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið*. Sótt í janúar 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/leikskolar/>
- Committee for children. (ó.d.). Sótt í desember 2015 af <http://www.cfchildren.org/second-step/elementary/kindergarten>
- Covey, S. R. (2004). *The Seven Habits of Highly Effective People*. Avenue of the Americas; New York.
- Covey, S.R. (á.d.). *Leader in me – great happens here*. Sótt í janúar 2016 af www.leaderinme.org
- Helm, J., H. og Katz, L. (2001). *Young Investigators, The project approach in the early years*. Teachers College, Columbia University. New York.
- Hildur Skarphéðinsdóttir og Sigrún Einarsdóttir. (2006). *Litlir vísindamenn í könnunarleik*. Sótt í janúar 2016 af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/konnunarleikur_skyrsla_2006_0.pdf
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). *HLJÓM-2 Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna*. Reykjavík, Gutenberg.
- Leikskólinn Klettaborg. (2015). *Áfallaáætlun Klettaborgar*. Óútgefið.
- Leikskólinn Klettaborg. (2013). *Barnaverndaráætlun Klettaborgar*. Sótt í janúar 2016 af http://www.klettaborg.borgarbyggd.is/Files/Skra_0060525.pdf
- Leikskólinn Klettaborg. (2014). *Brunaáætlun*. Óútgefið.
- Leikskólinn Klettaborg. (2013). *Eineltisáætlun*. Sótt í janúar 2016 af http://www.klettaborg.borgarbyggd.is/Files/Skra_0060663.pdf

Leikskólinn Klettaborg. (2016). *Umferðaröryggisáætlun*. Óútgefið.

Leikskólinn Klettaborg. (2018). *Viðbragsáætlun við ýmsum hættum*. Óútgefið.

Leikskólinn Klettaborg. (2018). *Viðbragsáætlun við jarðskjálfta*. Óútgefið.

Leikskólinn Klettaborg. (2018). *Vinnuverndarstefna*. Óútgefið.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Margrét Eggertsdóttir, Dóróthea Elísdóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Steinunn Baldursdóttir. (2013). *Eineltisáætlun Klettaborgar*. Sótt í janúar 2016 af http://www.klettaborg.borgarbyggd.is/Files/Skra_0060663.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*. Sótt í janúar 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/leikskolar/oryggismal>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Reykjavíkurborg. (2009). *Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar*. Sótt í janúar 2016 af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/s_erkennslustefnaleik.pdf

Skólanámskrá Klettaborgar. (2016). Útgefið á heimasíðu leikskólans.

Steinunn Baldursdóttir. (2007). *Enginn er eins en allir eru jafn mikils virði. Móttaka og starf með börnum af erlendum uppruna*. Sótt í janúar 2016 af http://skemman.is/stream/get/1946/1400/1347/1/Enginn_er_eins_en_allir_eru_jafnmikils_vir%C3%B0i-greinarger%C3%B0.pdf